



FLÓAHREPPUR

## Starfsskýrsla



# Krakkaborg

Leikskólinn Krakkaborg

2022-2023

Hugur – Hjarta – Hönd

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Almennar upplýsingar skólaárið 2021-2022 .....	4
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð .....	4
2. Starfsgrundvöllur.....	4
2.1 uppeldislegar áherslur og markmið.....	4
2.2. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:.....	4
2.3. Hlutverk Krakkaborgar:.....	5
2.4. Einkunnarorð Krakkaborgar:.....	5
2.5. Markmið Krakkaborgar eru:.....	5
2.6. Skólanámskrá Krakkaborgar.....	5
2.7. Skipulag.....	5
3. Skólastarfið 2021-2022.....	5
4. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2021-2022 .....	6
4.1. Innra mat leikskólans.....	7
4.1.1. Starfsmannasamtöl.....	7
4.1.2. Starfsmannafundir .....	7
4.1.3 Foreldrasamtöl .....	7
4.1.5. Kennslu og uppeldispættir .....	7
4.1.6 Námsið og daglegt starf .....	8
4.1.7. HLjóm-2.....	8
5. Nemendur, foreldrar og annað samstarf.....	8
5.1 nemenda hópurinn.....	8
5.1.1. Fjöldi nemanda sem nutu sérstaks stuðnings .....	9
5.2. Foreldrasamvinna.....	9
5.2.1. Foreldraráð.....	9
5.2.2. Foreldrafélag .....	9
5.3. Fréttabréf.....	10
5.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf.....	10
5.4.1 Samstarf við skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna .....	10
5.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla .....	10
6. Starfsmannamál .....	10
6.1. Stjórnarskipan Krakkaborgar 2021-2022 .....	10
6.2 Fundur .....	11



Krakkaborg

## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2020-2021

6.3. Símenntun starfsmanna.....	11
6.3.1. skilgreining á símenntunarpörf .....	11
6.3.2. mat á árangri .....	12
6.3.5 Yfirlit símenntunar skólaársins 2021 – 2022 .....	12
7. starfsáætlun skólaársins 2022-2023 .....	13
7.1 símenntunaráætlun 2022-2023 .....	14
7.2 Verkefna- og viðburðaáætlun .....	15
Lokaorð.....	18



## Inngangur

Í samræmi við 5. grein um leikskóla frá árinu 2008 kemur fram að leikskólastjóri beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlun kynnt foreldrum nemenda leikskólans.

Í þessari skýrslu gefur að lýta starfsáætlun leikskólans Krakkaborgar skólaárið 2022-2023 ásamt skýrslu um skólaárið 2021-2022. Byrjað er á því að gera skil á síðastliðnu skólaári 2021-2022, en í seinni hluta skýrslunnar er starfáætlun Krakkaborgar fyrir skólaárið 2022-2023. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Krakkaborgar þar sem einkunnarorð koma fram en þau eru: Hugur-Hjarta-Hönd. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, umbótaáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari skýrslu til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta skólaári.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október hvert ár og skal skilað til skólaþjónustu og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Pingborg, ágúst 2022

Sara Guðjónsdóttir  
skólastjóri Krakkaborgar

Einkunnarorð Krakkaborgar

Hugur- Hjarta -Hönd





## 1. Almennar upplýsingar skólaárið 2021-2022

### 1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Leikskólinn Krakkaborg hóf starfsemi sína fyrst í Villingaholtsskóla árið 1982 og stóðu foreldrar að rekstri leikskólans þá. Árið 1996 flutti leikskólinn í félagsheimilið í Þingborg. Hraungerðis- og Villingaholtshreppur voru rekstraraðilar frá 1996 fram til ársins 2004, en þá kom Gaulverjabæjarhreppur inn í reksturinn. Í ágúst 2004 flutti leikskólinn í grunnskólahúsnæðið í Þingborg. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára. Rekstraraðili er Flóahreppur.

Leikskólinn getur rúmað 38 – 52 börn á sama tíma, allt eftir aldurssamsetningu barnahópsins. Samkvæmt ákvörðun fræðslunefndar Flóahrepps er lágmarks vistunartími 4 klst. á dag fjóra fyrstu daga vikunnar. Opnunartími leikskólans er frá kl. 07:45 – 16:15 fimm daga vikunnar. Ef foreldrar, vegna óviðráðanlegra aðstæðna, geta ekki sótt barn/börn sín á umsömdum tíma, eiga þeir að hringja og láta vita svo ekki bætist aukagjald ofan á vistunargjaldið. Þetta á þó ekki við ef barn/börn eru með vistun til 16:15.

## 2. Starfsgrundvöllur

### 2.1 uppeldislegar áherslur og markmið

Í 2. gr. laga um leikskóla segir: *Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.*

### 2.2. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* útgefna af menntamálaráðuneytinu 2011 og lögum um leikskóla 90/2008. Grunnþættirnir Aðalnámskrár eru þessir:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun



Samkvæmt Aðalnámskrá eiga þessir grunnþættir að endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag skóla. Þeir tengjast innbyrðis í öllu skólastarfi og menntun og eru samofnir hver öðrum.

### 2.3. Hlutverk Krakkaborgar:

Er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

### 2.4. Einkunnarorð Krakkaborgar:

Hugur – Hjarta – Hönd

### 2.5. Markmið Krakkaborgar eru:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.
- Að barnið læri í gegnum eigin upplifanir.
- Að barnið fái tækifæri til að öðlast reynslu í gegnum leik.
- Að þroska eigin áhugahvöt.
- **Að börnin læri að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.**

Þær leiðir sem farnar eru í Krakkaborg til að uppfylla þau markmið sem sett eru byggja á hugmyndafræði eftirfarandi kennimanna:

- John Dewey, barnið lærir best með því að framkvæma sjálft.
- Mihaly Csikszentmihalyi, hugmyndafræði hans um flæði er ein af greinum þeirra fræða sem nefnist jákvæð sálfræði.
- Gleði, sköpun og ferli með hámarks tengslum við lífið.

Í skólanámskrá Krakkaborg segir meðal annars: Við vinnum að miklu leyti eftir kenningum John Dewey. Hann taldi að þroski barns stjórnist af tvennu; umhverfinu og meðfæddri þörf barns til þroska. Hann lagði áherslu á að við kynnumst okkar nánasta umhverfi og nýtum okkur það í daglegu starfi. Hann vildi að börnin fengju tækifæri til að læra með því að framkvæma sjálf. Barnið gerir það meðal annars í hlutverkaleik og leggjum við í Krakkaborg ríka áherslu á hann.

### 2.6. Skólanámskrá Krakkaborgar

Skólanámskrá Krakkaborgar er að finna á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is> Skólanámskráin var endurbætt veturinn 2018-2019.

### 2.7. Skipulag

Hver deild gefur út dagskipulag sem ramar inn starfið á deildinni án þess þó að setja því of fastar skorður. Markmiðið er að hafa dagskipulagið sem líkast dag frá degi til þess að skapa festu og öryggi fyrir nemendur leikskólans. Lögð er áhersla á að fastur hópstjóri sé heilt skólaár með sama hóp, ef unnt er, til að tryggja að hvert barn eigi sér öruggan málsvara og til að tryggja öllum börnum sérstaka athygli.

## 3. Skólastarfið 2021-2022

Skólastarfið í Krakkaborg veturinn 2021-2022 var viðburðarríkt, einkenndist enn þá af heimsfaraldinum sem náði seint í skottið á okkur í leikskólanum. Aldrei þurfti að setja neinn í sóttkví en gripið var til þess að loka einni deild í einu þegar starfsfólk datt í veikindi. Foreldrar stóðu vel við bakið á okkur og þökkum við þeim fyrir veittan stuðning.

Veturinn 2020-2021 stunduðu 39 nemendur nám í Krakkaborg, fædd á árunum 2016-2021.





- Lóudeild – 8 nemendur fæddir á árunum 2020-2021
- Ugludeild- 13 nemendur fæddir á árunum 2018-2019
- Krummadeild – 18 nemendur fæddir á árunum 2016-2019

7 nemendur útskrifuðust úr Krakkaborg í maí 2022 og í tilefni þess var farið í útskriftarferð júní í Þjósárdal í Árnesi.

Í vetur voru 16 starfsmenn í leikskólanum í mismunandi starfshlutfalli 5 leikskólakennarar, 1 með aðra háskólamenntun og aðrir ófaglærðir, 2 voru í fæðingarorlofi.

Símenntun og starfsþróun er afar mikilvæg í öllu skólastarfi en í vetur voru flestir hvattir til að nýta sér örnámskeið sem mátti finna víða á internetinu fyrir utan þá fræðslu sem var í boði á starfsdögum.

Leikskólinn Krakkaborg er Grænfána leikskóli og leggur áherslu á útinám og tekur leikskólinn þátt í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein sem Landvernd rekur hér á landi. Haustið 2022 hugar leikskólinn að því að sækja um Grænfánann í þriðja sinn og ef allt gengur að óskum fær leikskólinn hann afhentan á uppskeruhátíð leikskólans 16. september 2022. Umhverfissáttmála Krakkaborgar má finna á heimasíðu leikskólans.

Skógarferðir hafa fest sig í sessi og einu sinni í viku fara flestir nemendur í slíkar ferðir, lengd og staðsetning fer eftir aldri nemenda og þau allra yngstu æfa sig bara að labba á ójöfnum vegi og í smá brekku. Einu sinni í mánuði fundar umhverfisráði þá bæði fullorðnir og nemendur og ræða um þau helstu verkefni sem hafa verið unninn og setja sér ný markmið fyrir næstu mánuði. Gullin í grenndinni sem er samstarfsverkefni Krakkaborgar og Flóaskóla hélt áfram í vetur. Gert var ráð fyrir því að hittast 1 sinni í mánuði í Skagás en í þessum ferðum hittast tveir elstu árgangar leikskólans og nemendur úr yngstu bekkjum Flóaskóla.

Samstarfsverkefni á milli skólastiga hélt áfram með smá hnökrum samt vegna samkomutakmarkana. Þá má nefna að Gullin í grenndinni datt ansi oft niður ásamt því að skólaheimsóknir voru sjaldnar en á var kosið en við náðum að halda okkar striki í vorskólaviku sem gekk vel.

Endurmat á skólastarfinu á að fara reglulega fram og var send út foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins og kom sú könnun vel út. Starfsmenn leikskólans tóku einnig þátt í örkönnun og kom hún einnig vel út.

## 4. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2021-2022

Í 18. grein laga um leikskóla nt. 90/2008 segir að hverjum leikskóla beri skylda að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Sveitarfélög eigi síðan að fylgja innra matinu eftir svo það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leiksóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda sé virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið árangur þess og þróun.

Aldrei er allt skólastarfið skoðað í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt til þess að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3-5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matsvið sem taka á fyrir á hverju ári. Það er þó ekki síður mikilvægt að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem nauðsynlegt er að taka fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að



útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér má finna nokkur dæmi:

- Starfsmannasamtöl
- Foreldrasamtöl
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra
- Mat barna á skólastarfinu ( broskallakönnun og spurningakönnun)

Niðurstöður og úrbótaáætlun birtist síðan í starfsskýrslunni og á heimasíðu leikskólans.

### 4.1. Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar, verkefnastjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðuna. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og umbótaáætlun.

Í ár var unnið að árlegri umbóta áætlun með öryggisráðgjafarmanni leikskólans og verður gerð nánari skil á þeirri áætlun hér að neðan.

#### 4.1.1. Starfsmannasamtöl

Starfsþróunarsamtal er reglubundið formlegt samtal leikskólastjóra og starfsmanns um frammistöðu og starfsþróun þess síðarnefnda.

Tilgangurinn með starfsmannasamtalinu er að líta yfir farinn veg og gefa starfsmanninum upplýsingar um það hvernig hann hefur staðið sig í þeim verkefnum sem tilheyra starfi hans, meta þörf fyrir þjálfun og endurmenntun, ræða væntingar starfsmannsins til starfsins og setja skýr markmið. Starfsþróunarsamtölunum er ætlað að bæta upplýsingastreymi milli leikskólastjóra og starfsfólks.

Starfsþróunarsamtölin voru haldin í október og mars skólaárið 2021 - 2022. Farið var yfir fjölmarga þætti og sameiginleg lausn fundin á því sem þurfti úrbóta við. Segja má að starfsþróunarsamtöl séu hluti af innra mati leikskólans er lýtur að starfsmönnum og þeirra viðhorfum til leikskólans sem vinnustaðar.

#### 4.1.2. Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldir reglulega frá 8-10 eða 14-16 og er leikskólinn lokaður þann tíma. Þar er farið yfir viðfangsefnið sem unnin hafa verið, hvernig til hefur tekist og þau verkefni sem fram undan eru. Einnig eru haldnir fræðslufundir eða stutt námskeið í tengslum við starfsáherslur skólaársins. Starfsmannafundir eru einnig nýttir til að skipuleggja og taka til í umhverfi leikskólans.

#### 4.1.3 Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári, en þau dreifast yfir árið í takt við TRAS skráningu og Hljóm-2. Samtölin gengu vel og er almenn ánægja með leikskólastarfið meðal foreldra og forráðamanna leikskólans. Samtölin gefa okkur tækifæri til að meta viðhorf foreldra til leikskólans og um leið gefst tækifæri til að bregðast við ef eitthvað má betur fara. Foreldrasamtöl eru því góður grundvöllur til að styrkja og efla samskiptin milli heimilis og leikskóla.

Í vetur voru öll foreldrasamtölin í leikskólanum. Foreldrar óskuðu eftir auka samtali en þá var farið hratt yfir sögu og foreldrum veitt ráðgjöf eins og hægt var. Slík samtöl kölluðum við snerpusamtöl en þau voru haldin með stuttum fyrirvara og voru stutt.

#### 4.1.5. Kennslu og uppeldisþættir

Í endurmati deildarstjóra á kennslu- og uppeldisáttum kom mjög skýrt fram að mikilvægt væri að skerpa á þeim þáttum, misjafn skilningur er lagður í einkunnarorð leikskólans og þeim má ekki gleyma. Einnig er nú unnið að nýrri skólastefnu Flóahrepps og því er það ekki síður mikilvægt fyrir leikskólann að samræma sig við hana og jafnvel breyta orðaræðu sinni.





## 4.1.6 Námsið og daglegt starf

Í júní 2022 unnu allir starfsmenn endurmat á starfi vetrarins og settu fram tillögur að umbótum.

Hér má sjá hluta af niðurstöðum og tillögur að umbótum.

<b>Hvernig gekk í vetur?</b>
<b>Lóudeild</b> – veturinn gekk nokkuð spurt fyrir sig, stóðu sig vel á flestum sviðum það kom svolítið rót á hópinn þegar það var mikið um mannabreytingar en þó gekk veturinn vel.
<b>Ugludeild</b> - Starfsmenn unnu vel saman, daglegt starf gekk vel.
<b>Krummadeild</b> - gekk vel miðaða við aðstæður. Svólítið rót á starfsmönnum en þó gekk veturinn vel.
<b>Hvað hefðum við geta gert betur?</b>
<b>Lóudeild</b> – nota Tákni með tali (TMT) enn betur til að styðja við málþroska nemenda.
<b>Ugludeild</b> - að vinna meira út frá hugmyndafræði leikskólans. Hafa meira úrval af leikföngum og ólíkum efnivið fyrir nemendur.
<b>Krummadeild</b> - meiri festu á dagskipulagi og nýta rýmið betur.
<b>Markmið næsta vetur?</b>
<b>Lóudeild</b> – verða meira umhverfisvæn, auka við skógarferðir og auka við opin efnivið inni á deild.
<b>Ugludeild</b> - halda áfram með Lubba, auka við Blæ stundir.
<b>Krummadeild</b> - bæta og einfalda skipulag.

## 4.1.7. HLjóm-2

HLjóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðs- og málmeðvitund nemanda í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er gerð til að finna þau börn sem eru í mögulegri áhættu fyrir lestarerfiðleika síðar meir en slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestarvanda hjá 88% nemenda (9 af hverjum 10 nemendum) (mms.is).

	Góð færni	Meðalfærni	Slök færni	Mjög slök færni
Rím	1	5	1	
Samstöfur			5	2
Samsett orð	6	1		
Hljóðgreinng	2	5		
Margræð orð		2	3	2
Orðahlutaeyðing		3	1	3
Hljóðtenging	2	2	1	2
Heildarniðurstöður	1	4	2	

## 5. Nemendur, foreldrar og annað samstarf

## 5.1 nemenda hópurinn

Fjöldi nemanda í janúar 2022

Nemendur fæddir 2016 = 7

Nemendur fæddir 2017 = 4

Nemendur fæddir 2018 = 9

Nemendur fæddir 2019 = 9

Nemendur fæddir 2020 = 5

Nemendur fæddir 2021 = 2

**Samtals 37 nemendur**





Stúlkur í námi = 15

Drengir í námi = 22

Skipting nemanda á deildir

Krummadeild
Nemendur fæddir 2016 (7 nemendur)
Nemendur fæddir 2017 (7 nemendur)
Nemendur fæddir 2018 (2 nemendur)
Ugludeild
Nemendur fæddir 2018 (8 nemendur)
Nemendur fæddir 2019 (9 nemendur)
Lóudeild
Nemendur fæddir 2020 (5 nemendur)
Nemendur fæddir 2021 (2 nemendur)

## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2020-2021

### 5.1.1. Fjöldi nemanda sem nutu sérstaks stuðnings

Engir nemendur þurftu á sérstökum stuðningi\* að halda í leikskólanum Krakkaborg 2021-2022.

Nemendur með þroska frávik fengu þann stuðning sem þau áttu rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum. Í leikskólanum voru mynduð teymi með reglulegum fundum í kringum einn nemanda.

Allir nemendur í útskriftarhóp leikskólans voru Hljóm-2 prófuð, almennt komu nemendur ágætlega út úr þeirri skimun en ákveðið var að leggja áherslu á hljóðkerfisvitund nemenda.

Að auki voru 9 nemendur sem fengu tíma hjá sérkennslustjórn þar sem unnið var að verkefnum til að efla félags- og/eða málþroska nemenda í lengri eða skemmri tíma.

*\*Með sérstökum stuðningi í námi er átt við nemendur sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.*

### 5.2. Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu. Lögð er rík áhersla á að taka vel á móti öllum og dagleg samskipti eru einn mikilvægasti hlekkurinn milli heimili og skóla þar sem skipst er á upplýsingum um nemandann.

Foreldrar eru ávallt velkomnir að fylgjast með og taka þátt leik og starfi leikskólans auk þess að foreldrum er reglulega boðið að taka þátt í ýmsum viðburðum. Í ár voru viðburðir með foreldrum í lágmarki vegna sóttvarna.

#### 5.2.1. Foreldraráð

Í foreldraráði eru þrjú foreldrar en hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans. Góð samvinna var við foreldraráðið í vetur þar sem þau koma að málefnum leikskólans.

#### 5.2.2. Foreldrafélag

Allir foreldrar í leikskólanum gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Foreldrafélagið tók þátt í því að greiða fyrir leiksýningu sem nemendur fengu í vetur.



### 5.3. Fréttabréf

Á hverri deild hafa verið gefin út fréttabréf vikulega en fréttir og flestar tilkynningar fara fram á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is/> og í gegnum tölvupóst ýmist frá deildarstjórum eða leikskólastjóra.

### 5.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

#### 5.4.1 Samstarf við skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Í vetur hefur leikskólinn átt í mjög góðu samstarfi við skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Í vetur var tekin ákvörðun um að halda áfram að vinna í nemendaverndarráðinu en það er lítið þróunarverkefni og vettvangur fyrir deildarstjóra að koma saman ásamt ráðgjöfum og ræða hin ýmsu málefni sem við koma nemendum. Í nemendavernd sitja Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri og kennslurágjafi og Ragnar S. Ragnarsson sálfræðingur ásamt deildarstjórum leikskólans, sérkennslustjóra og leikskólastjóra, ef þörf var á var Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingur fengin til að sitja fundi líka. Fundirnir voru á 6 vikna fresti og reyndust okkur mjög vel í vetur og vill leikskólinn halda áfram að þróa þessa vinnu með skóla- og velferðarþjónustu.

#### 5.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfið er undirbúið í ágústmánuði en þá funda skólastjórar beggja skólastiga ásamt deildarstjóra Krummadeildar og umsjónarkennara 1. bekkjar og skipuleggja viðfangsefni og verkefni samstarfsins. Heimsóknirnar hefjast í september þegar 1. bekkur Flóaskóla kemur í stutta heimsókn í Krakkaborg. Í október fara svo elstu börn Krakkaborgar í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla. Í maí fara nemendur leikskólans í vorskóla en þá fer útskriftar hópurinn í Flóaskóla. Þar hefst heimsóknin um klukkan 8:30 og koma aftur í leikskólann eftir hádegismat um klukkan 12:30, þar af einn dagur þar sem boðið er upp á að nemendur séu sóttir og skilað heim af skólabílum.

Viðfangsefni er misjöfn og lögð er áhersla á málörvun, talnaskilning og samvinnu ásamt því að nemendur fái að prófa ólíkar námsgreinar.

## 6. Starfsmannamál

Skólaárið 2021-2022 voru um 16 starfsmenn í Krakkaborg í mismunandi stöðu og stöðuhlutföllum. einn starfsmaður í fæðingarorlofi og einn í leyfi. Í vetur störfuðu í heildina níu leikskólakennarar á einhverjum tímapunkti, einn grunnskólakennari, tveir með aðra uppeldismenntun en leikskólakennarafræði og aðrir ófaglærðir. Þá starfaði einn starfsmaður í eldhúsi.

### 6.1. Stjórnarskipan Krakkaborgar 2021-2022

Starfsheiti	Nafn	Tímabil	stöðuhlutfall
Leikskólastjóri	Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir	Fer í veikindal. Nóv. 2020	100%
Leikskólastjóri	Sara Guðjónsdóttir	2021-2022	100%
Aðst.leik.stjóri/ sérkennslustjóri	Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir	Febrúar 2021	75%
Sérgreinastjóri	Lena Rut Guðmundsdóttir	Nóv 20 – fer fæðingarorlof í feb. 22	69%
Sérgreinastjóri	Benedikt Karl Gröndal	Feb.21	75%
Deildarstjóri	Björg Kvaran Sigurjónsdóttir	2021-2022	100%





Deildarstjóri	Sigrún Herdís Arndal	Nóv-mars 21/22	100%
Deildarstjóri	Hallfríður Snjáka Einarsdóttir	2021-2022	100%
deildarstjóri	Bjarnheiður Jónsdóttir	2021-2022	85%
Deildarstjóri	Margrét Kristín Tryggvadóttir	Nóv - apríl 21/22	100%
Matráður	Rannveig Árnadóttir	2021-2022	100% / 80%

### 6.2 Fundur

Í vetur var ákveðið að allir fundir yrðu á fimmtudögum og því minna um skipulagt starf þann dag. Deildarfundir og deildarstjórafundir voru í hverri viku, en umhverfisnefnd átti að vera einu sinni í mánuði en þeir féllu svolítið niður hjá okkur í vetur vegna breytna aðstæðna í hús og mannbreytinga.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku, á þeim fundum situr stjórnunarteymi leikskólans – leikskólastjóri, aðstoðar- og sérkennslustjóri og deildarstjórar. Á deildarstjórafundum er farið yfir starf leikskólans, það skipulagt og endurmetið. Fundargerðir eru sendar á allar starfsmenn leikskólans í tölvupósti sem þeir svo kvitta undir þegar þeir hafa lesið hana.

Umhverfisnefndarfundir áttu að vera eins og áður kom fram að vera einu sinni í mánuði en vegna mikilli mannbreytinga og tímaskorts féllu þeir mikið niður hjá okkur í vetur.

Aðrir sameiginlegir fundir sem fulltrúar leikskólans sóttur eru: leikskólastjórafundir, sérkennslustjórafundir, fræðslunefndarfundir og vinnufundir á vegum sveitarfélagsins.

### 6.3. Símenntun starfsmanna

Símenntunaráætlun Krakkaborgar er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum á styrkleika og veikleika leikskólans í huga og þar er útlitað hvernig hún er fjármögnuð, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuð ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk ber ábyrgð á eign símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfs þroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

#### 6.3.1. skilgreining á símenntunarpörf

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- Sem er nauðsynlegt fyrir leikskólann
- Sem kennarinn metur æskilega fyrir sig

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun leikskólans.

Ákvörðun skal tekin af leikskólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða bæta nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru tvisvar sinum á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll færðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst, setja það upp á töflu á kaffistofu starfsmanna og á lokaða facebook síðu.

### 6.3.2. mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

### 6.3.4 fjármögnun símenntunar

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn	Starfsmaður fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
Starfstengd ósk stjórnanda og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk starfsmanns og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda	Starfstengt en ekki forgagnsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma	Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.		Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

### 6.3.5 Yfirlit símenntunar skólaársins 2021 – 2022

Símenntun 2021- 2022 var frekar takmörkuð enda mikið um að námskeið féllu niður vegna samkomutakmarkana en þó voru nokkur námskeið haldin. Allir starfsmenn leikskólans sátu námskeið á starfsdögum vetrarins ásamt því að sækja sér nýja þekkingu.

Símenntun	Tímabil	Klst	Þátttakendur
MÍÓ	Janúar 2021	2 klst	Allir starfsmenn leikskólans
TRAS	Mars / apríl	16 klst	Einn kennari
Barnavernd	Maí	1,5 klst	Allir starfsmenn leikskólans
Núvitund í starfi	Maí	2 klst	Allir starfsmenn leikskólans
HLjóm-2	Október 2020	2 klst	Tveir leikskólakennarar
Starf sérkennslustjóra	Ferbúar 2021	6 klst	sérkennslustjóri

Starfsdagar 2020-2021	
6 ágúst	Starfsmannafundur 8-10





	Undirbúningur fyrir opnun leikskólans
9. október	Haustþing var í fjarbúnaði og voru tveir fyrirlestrar í boði.
4. janúar	Starfsdagur – Míó Stytting vinnuvikunnar og fyrirkomu lag
21 apríl /23 apríl	Starfsdagur – Erindi frá Barnavernd Núvitund í starfi Deildarfundir Vettvangsferðir á eigin vegum
29.júní	Lokun kl 14 Frágangur fyrir sumarlokun

### 7. starfsáætlun skólaársins 2022-2023

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á samskipti og vellíðan í leik og stafi auk virðingar fyrir náttúrunni. Samskipti þurfa að vera góð milli barna og fullorðinna, milli barna og á milli fullorðinna. Samskiptin ættu að einkennast af virðingu, hlýju og trausti.

Leikurinn er aðal kennslutæki leikskólans og er því mikilvægt að gefa honum mikið rými og veita nemendum tækifæri á því að kanna nýjar slóðir í gegnum leik. Í leik felst mikið sjálfsnám, honum fylgir einnig bæði gaman og alvara, þar sem ungir nemendur endurspegla þá reynslu sem þeir búa yfir og það sem þeir sjá í umhverfinu sínu. Í leik efla nemendur félagslegsamskipti, að tjá tilfinningar sínar og þjálfar notkun tungumálsins, leikur og leikskólastarf eru tveir órjúfanlegir þættir. Því skal það vera rauði þráðurinn í gegnum allt starf leikskólans að veita nemendum tækifæri til sjálfssprottinnar leikja og því skal sveigjanleiki ríkja í skipulaginu svo þörfum nemenda sé fullnægt. Mikilvægt er að efla alla þroska þætti þá, félags- og tilfinningaþroska sem og and- og líkamlegan þroska. Veita skal nemendum rými til þess að þjálfar gróf- og fínhræfingar í gegnum leik í ólíkum aðstæðum innanndyra sem og utan. Kennarinn og aðrir starfsmenn taka þátt í leikjum nemenda á forsendum nemenda og hefur ávallt jákvæðni, jafnrétti, þolinmæði, virðingu og áhuga að leiðarljósi. Leitast er við að hafa leikfangakost fjölbreyttan og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Umhverfið skal vera snyrtilegt og aðlagandi með hæfilegu framboði leikefnis.

Í leikskólastarfinu þarf að ríkja jafnvægi á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, einstaklingsverkefna og félagslegra samskipta og milli hvíldar og virkrar þátttöku í leik og starfi.

Veturinn 2022-2023 mun líkt og áður einkennast af þemastarfi tengdu Grænfánanum, útikennslu og skógarferðum. Leikskólinn Krakkaborg hefur nú um nokkurt skeið lagt áherslu á útikennslu þar sem aðal áherslan hefur verið á umhverfismennt og skógarferðir. Við byggjum enn frekar á fengina reynslu og setum okkur markmið að um að auka framboð á tækifærum til útináms.

Hugmyndafræðin á bakvið útinámið er að virkja sköpunarkraft nemenda, auka sjálfstæði, hvetja til sjálfbærni, sjálfstæðis og lýðræði í kennsluáðferðum.

Megin reglan er sú að kennsla byggji á raunverulegum verkefnum, að kennarinn elti hugmyndir nemandans og hjálpi þeim til að ná enn lengra með hugmyndir sínar. Við göngum út frá því þeirri kenningu að kjöraðstæður náms séu þar sem áhugi nemenda liggur, einnig að raunaðstæður séu vænlegastar til árangurs, því er forgangurinn þessi:

1. Hugmyndir nemenda vikjaðar ( hvað viltu gera og hvernig, ég hjálpa þér að ná lengra)





2. Kennsla í ljós aðstæðna ( rigning í dag, finnum geitungabú, rusl á víða vangi, hvað getum við lært af því eða um það)
3. Innlögn af almennum toga ( óbein stafa innlögn, teiknum stafi, reikna með könglum, trégreinar í bókstafi)

Vegna þess hve fjölbreytt verkefni geta orðið eru niðurstöður og afrakstur af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna fín- og grófhreyfingar, þrívíð hugsun, sköpun, læsi, sjálfstæði, áráðni og svo margt fleira.

Þar sem nemendur hafa mikil áhrif á verkefna val vilja þeir haldast betur og lengur í verki, en það gerir kennaranum kleift að vera leiðbeinandi og styðja nemendur í samskiptum sín á milli. Ungir nemendur eru stöðugt að æfa sig í tungumálinu og leggja orð á hluti, hvað þeim langar að gera og komast að samkomulagi við aðra nemendur um hvað leið skyldi fara. Þetta er grunn aðferð að efla félagsfærni og æfing í að eiga í árangursríkum samskiptum við aðra.

Nemendum er skipt í minni hópa þegar farið er í skógarferðir og því er aldrei öll deildin í einu í skógar- eða vettvangsferðum. En með því að skipta hópnum í að minnsta kosti tvennt minnkar áreiti og nemendur fá frekara næði til að einbeita sér í leik og starfi. Allir nemendur leikskólans munu fara í útikennslu í mislangan tíma og miss langt frá leikskólalóð.

Það sem einkennir útikennsluna er fyrst og fremst vinnugleði, mun færri árekstra og minna stress. Skógarferðir má segja vera ævintýraferð í friðlandi þar sem nemendur setja eigin dagskrá á leið sinni til þroska.

Leikskólinn mun einnig taka sín fyrstu skref í verkefninu Heilsueflandi Leikskóli, en leikskólinn er nú þegar hluti af Heilsueflandi Samfélagi. Markið vetrarins er að fara í gegnum gátlistana en leikskólinn mun vinna þetta verkefni í samstarfi við grunnskólann.

Í köflum 7.1 og 7.2 má finna áætlanir fyrir skólaárið 2022-2023.

### 7.1 símenntunaráætlun 2022-2023

Símenntunaráætlun 2022-2023				
Lýsing á menntun	Tilgagnur	Tímabil	Tímajöldi	Þátttakendur
Hljóm - 2	Viðkomandi hafi réttindi og þekkingu til að leggja Hljóm-2 fyrir	Veturinn 2022-2023		leikskólakennari
TRAS	Viðkomandi hafi réttindi og þekkingu til að leggja TRAS fyrir	Veturinn 2022-2023		leikskólakennari
Starfsdagur				
Undirbúningur fyrir vetrarstarfið Farið yfir hagnýt atriði		3. ágúst 2022	8 klst	Allir
Haustþing FL 8.deild		14.október 2022	8 klst	Allir
Lubba námskeið		7.nóvember 2022	8 klst	Allir
Hópavinna		2.janúar 2023	8 klst	Allir

Mat á hausti				
Námsferð	Farið verður erlendis og 2 heilir starfsdagar	19-22.maí 2023	16 klst	Allir
Frágangur fyrir sumarlokun		28. júní 2023	4 klst	Allir

## 7.2 Verkefna- og viðburðaáætlun

Mánuður	Viðburðir og verkefni	Mannauður
Ágúst	<ul style="list-style-type: none"> <li>Afmæli Krakkaborgar</li> <li>Viðhald á heimasíðu</li> <li>Aðlögun nýrra nemenda</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirfara samskipta- og trúnaðarsamning.</li> <li>Yfirfara eineltisáætlun</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> </ul>
September	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynningarfundur fyrir foreldra</li> <li>Foreldraráðsfundur</li> <li>Viðhald á heimasíðu</li> <li>1. bekkur Flóaskóla kemur í heimsókn</li> <li>Hljóm-2</li> <li>TRAS</li> <li>Dagur íslenskrar náttúru</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>Grænmetisræktun/uppskeruhátíð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmannafundur</li> <li>Uppfæra</li> <li>Starfsmannahandbók</li> <li>Uppfæra rímingar áætlun – Brunaæfing</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Klára og kynna starfsskýrslu 2022-2023</li> </ul>
Október	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldraviðtöl</li> <li>Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>TRAS</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>Hljóm-2</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Haustþing leikskólakennara á Suðurlandi</li> <li>Uppfæra foreldra- og starfsmanna handbók</li> <li>Fundir umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> </ul>
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagur íslenskrar tungu</li> <li>Jóla ljós tendruð</li> <li>Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>TRAS</li> <li>Frétt í Áveituna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsdagur</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Starfsþróunarsamtal.</li> </ul>
Desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jólaball</li> <li>Jólaleiksýning</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Starfsmannafundur</li> </ul>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vistunarpláss fyrir næsta misseri</li> </ul>
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsdagur</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• .</li> </ul>
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dagur leikskólans</li> <li>• Bolludagur</li> <li>• Sprengidagur</li> <li>• Konudagur</li> <li>• Frétt í Áveituna</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• TRAS</li> <li>• Hljóm-2</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• Þorrablót</li> <li>• Bóndadagur</li> <li>• Öskudagur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmannafundur</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> </ul>
Mars	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldraviðtöl</li> <li>• Menningarferð</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• TRAS</li> <li>• Frétt í Áveituna</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> </ul>
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldraráðsfundur</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• Innra mat nemenda</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námsferð til Finnlands. Einn starfsdagur.</li> <li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li> <li>• Auglýsa eftir leikskólakennurum fyrir næsta skólaár</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• Starfsþróunarsamtal.</li> </ul>
Maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sumarhátíð</li> <li>• Grænmetisræktun/Útinám</li> <li>• Vorskóli</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Viðhald á heimasíðu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li> <li>• Vistunarplássum fyrir næsta skólaár úthlutað</li> <li>• Skilafundur með Flóaskóla</li> </ul>



## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2020-2021

	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fjör í Flóa</li><li>• Gullin í grenndinni</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li></ul>
Júní	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sumarferð/Útskriftarferð</li><li>• Grænmetisræktun</li><li>• Frétt í Áveituna</li><li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li><li>• Vinna starfs-, árs- og símenntunaráætlun Krakkaborgar</li><li>• Starfsdagur</li><li>• Frágangur fyrir sumarfrí</li></ul>

### 7.3 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun unnin vor 2022		
Verkpáttur	Hver ber ábyrgð	Tímabil
Starfsmannakönnun send út á vegum skólapúlsins	Leikskólastjóri	2022-2023
Móttaka nýrra starfsamanna	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar	2022-2023
Deildarfundir	Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar	2022-2023





Krakkaborg

Starfsskýrsla Krakkaborgar 2020-2021

## Lokaorð

Veturinn hefur vissulega verið óvenjulegur með öllu, örar starfsmannabreytingar, allskonar uppákomur svo ekki sé nú talað um Covid-19 og minni háttar samkomutakmarkanir. En þegar öllu er á botninn hvolft þá stöndum við upp sem sterk eining og reynslunni ríkari. Hér var og er flottur mannauður og gott starf í gangi sem verður enn betra með hverjum deginum sem líður. Það er heiður að fá að fylgja nemendum frá 12 mánaða aldri til 6 ára. Að sjá hvernig nemendur þroskast og starfsmenn auðgast í starfi, í takt við nemendur. Umhverfi leikskólans er náttúruperla og býður upp á svo ótal marga möguleika til leikja og náms sem má ekki gleyma í öllu skipulaginu og amstri dagsins.

Starfsmannahópurinn var ágætlega samsettur í vetur og var áhugi og starfánægja sem einkenndi þetta skólaár. Leikskólastarfið er blómlegt og áfram eru spennandi tímar fram undan, alltaf kemur eitthvað nýtt og skemmtilegt verkefni sem leikskólinn tekur fagnandi á móti.

Nýjar stjórnir foreldrafélags og foreldraráðs hafa verið skipaðar og eru foreldrar jákvæðir til samstarfs og leggja sitt af mörkum við að gera skólastarfið tilbreyting ríkt.

Flóahreppur, ágúst, 2022.

---

Sara Guðjónsdóttir  
Leikskólastjóri Krakkaborgar